

Nd.

661. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á næturfundum á Alþingi s. l. nótt var boðaður fundur í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar og fundurinn síðan haldinn gegn mótmælum mínum síðari hluta nætur. Óskir mínar um, að fundurinn yrði eigi haldinn fyrir en um fótaferðartíma í dag, voru að engu hafðar. Þetta eru stórvitaverð og næsta óþingleg vinnubrögð. Af þessum sökum mætti ég ekki á fundi nefndarinnar, er haldinn var kl. nálega 3 að nóttu, þó að engum töfum gæti valdið að hafa hann að degi til.

Þetta frumvarp, sem stjórnarflokkarnir hafa látið liggja hjá nefnd í allan vetur, á nú að keyra gegnum þingið á allra seinustu dögum þingsins. Efni þess er það, að launajafnrétti kvenna við karla skuli viðurkennt á árinu 1967, en bilið milli kvenna- og karlakaups minnkað um nokkra auru á ári á tímabilinu 1962—1967. Þetta og fleira í frumvarpinu er alls ófullnægjandi, og get ég því aðeins mælt með samþykkt þess, að á því fáiast gerðar svo hljóðandi

BREYTINGAR:

1. 1. gr. orðist svo:  
Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenska ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.
2. 2. gr. orðist svo:  
Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.
3. 3. gr. orðist svo:  
Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaup, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.
4. 4. gr. orðist svo:  
Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmíðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaup, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaganna um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.
5. 5. gr. falli niður.

Alþingi, 25. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson.